Notendaráð

Gerð er tillaga um að komið verði á notendaráði íbúa sem þiggja fjárhagsaðstoð og félagslega ráðgjöf. Hlutverk notendaráðs er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn og nefndir og ráð Kópavogsbæjar um hagsmuni fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð þar sem fjallað er um þjónustu við það fólk, framkvæmd hennar og þróun. Notendaráðið stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli notenda fjárhagsaðstoðar og bæjaryfirvalda um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða þennan hóp.

Markmiðið með starfi notendaráðsins er að notendur fjárhagsaðstoðar séu virkir þátttakendur í stefnumótum um þá þjónustu í boði er og geti þannig haft bein áhrif á að bæta og þróa þjónustuna..

Ráðið yrði skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara, þrír þeirra eru pólitískir fulltrúar, fjórir eru tilnefndir af hagsmunasamtökum.

Greinargerð:

Árið 2018 gerði Alþingi breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í 8. grein nýju laganna er eftirfarandi kafli um notendasamráð.

„Samráð skal haft við notendur félagsþjónustunnar með það að markmiði að þeir séu virkir þátttakendur í undirbúningi ákvörðunar um þjónustu og hvernig henni verður háttað. Þá skal hafa samráð við notendur við almenna stefnumörkun innan sveitarfélagsins. Sveitarfélög skulu a.m.k.árlega funda með hagsmunasamtökum notenda félagsþjónustunnar og skulu starfrækja sérstök notendaráð sem tryggi aðkomu hagsmunasamtaka notenda við stefnumörkun og áætlanagerð sveitarfélags í málefnum er varða meðlimi þeirra. Tryggja skal þáttakendum stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í notendasamráði.”

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr 40/1991 er þess krafist að notendur taki eins mikinn þátt í málum er að þeim snúa og þroski þeirra og geta leyfa. Á undanförnum áratugum hafa hugmyndir um valdeflingu, þátttöku og samráð þróast og er almennt talið heppilegt og eðlilegt að fólk hafi aðkomu að ákvörðunum sem tengjast lífi þess og lífsviðurværi. Í dag er notendasamráð viðhaft í þremur málaflokkum í Kópavogi. Við höfum *Notendaráð í málefnum fatlaðs fólks*, *Öldungaráð* og *Ungmennaráð*. Þó þessi ráð eigi sér ekki langa sögu og séu í sífelldri þróun hafa þau sannað tilverurétt sinn. Það er jafnréttismál að fulltrúar þeirra sem nota fjárhagsagstoð og félagslega ráðgjöf í Kópavogi fái sama aðgengi að stefnumótun um sín mál og aðrir þeir hópar sem hér hafa verið nefndir.

Notendasamráð er ein leið til að auka þátttöku, ábyrgð og virkni notenda að þjónustu sem þá varðar. Samráðið snýst um að veita notendum tækifæri til þess að hafa áhrif á þjónustu, allt frá skipulagningu hennar á einstaklingsgrundvelli til stefnumótunar, í því skyni að hún verði markvissari og betur að notendum sniðin (Warren, 2011). Með notendasamráði er þjónustan færð sem næst notendum með því að auka þátttöku þeirra og stuðla að hjálp til sjálfshjálpar.
Notendur eru ekki einsleitur hópur og þarfirnar eru ólíkar. Einnig er bakgrunnur notenda fjölbreyttur sem og þær félagslegu aðstæður sem valda því að fólk þarf að sækjast eftir fjárhagslegum og félagslegum stuðningi frá sveitarfélaginu. Það er því mikilvægt að fulltrúar notenda í notendaráði komi frá fjölbreyttum hagsmunahópum.

Kristín Sævarsdóttir og Donata Bukowska

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026